


Frelsi, ábyrgð,
velferð og lífsgæði



Sjálfstæðisflokkur, Viðreisn og Samfylkingin í Hafnarfirði gera með sér samning um meirihlutasamstarf á kjörtímabilinu 2026–2030 á grundvelli skýrrar sameiginlegrar sýnar: Að Hafnarfjörður verði öflugt, fjölskylduvænt og framsækið sveitarfélag þar sem traustur rekstur, sterk grunnþjónusta, kraftmikið atvinnulíf og aukin lífsgæði íbúa á öllum æviskeiðum fara saman.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Samfylkingar í Hafnarfirði heita því að reka bæinn af skynsemi, metnaði og í þágu bæjarbúa.



Fjármál, rekstur og skilvirk stjórnsýsla

Við munum tryggja traustan og ábyrgan rekstur Hafnarfjarðar með lægri álögum og einfaldari stjórnsýslu án þjónustuskerðingar.

HELSTU VERKEFNI:

- Tryggja traustan rekstur og sterka fjárhagsstöðu Hafnarfjarðar.

- Framkvæma skal rekstrar- og stjórnsýsluúttekt á rekstri bæjarfélagsins með það að markmiði að stjórnsýsla verði skilvirkari og ákvarðanataka skýrari og skjótari.

- Hagrætt verður í rekstri og skuldir bæjarins lækkaðar, á sama tíma og tryggt verður að ekki komi til þjónustuskerðingar.

- Útsvar verður ekki hækkað á kjörtímabilinu og fasteignagjöld í sveitarfélaginu hækka ekki umfram verðlag.

- Aukið samtal og samráð verður haft við íbúa og hagsmunaaðila og notenda- og hagsmunaráð.

- Innkauparáð verði eflt með það að markmiði að auka fagmennsku í útboðsgerð og tryggja hagstæð innkaup á allri vöru og þjónustu fyrir bæjarfélagið.

- Stjórnsýsla verður einfölduð með stafrænni umbreytingu til að bæta þjónustu og hraða afgreiðslu mála.



Börn og ungmenni

Við leggjum áherslu á öflugt og fjölskylduvænt samfélag þar sem menntun, velferð og tækifæri barna og ungmenna eru í forgangi. Unnið verður markvisst að öflugri skólum, bættri þjónustu, skilvirkum forvörnum og auknu aðgengi allra barna að námi, frístundum og stuðningi.

HELSTU VERKEFNI:

- Hafnarfjörður verði áfram leiðandi barnvænt sveitarfélag á Íslandi.
- Álögur á barnafjölskyldur hækki ekki umfram verðlag.
- Heimagreiddslur verði hækkaðar í allt að 230 þúsund krónur til 24 mánaða aldurs barns til að brúa bilið eftir fæðingarorlof.
- Niðurgreiðsla til dagforeldra verði hækkuð í 230 þúsund krónur frá 12 mánaða aldri barns og jafnframt verði sett þak á gjaldskrá dagforeldra.
- Auka aðgengi að sérfræðingum í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar.
- Dregið verður úr álagi í leik- og grunnskólakerfinu með markvissum aðgerðum.
- Efla enn frekar forvarnir og móta nýja forvarnarstefnu í samráði hagaðila.
- Auka aðgengi barna af erlendum uppruna að íslensku- og móðurmálsnámi og vinna markvisst að því að auka enn frekar þátttöku þeirra í íþrótt- og tómstundastarfi.
- Húsnæðismál Tónlistarskóla Hafnarfjarðar verði leyst á kjörtímabilinu.
- Sérstök áhersla verður lögð á að auka viðhald skólahúsnæðis og skólalóða.
- Áfram verði stutt við sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla í bænum.
- Einföldum daglegt líf barnafólks og minnkum skutlið með því að veita börnum og ungmennum að 18 ára aldri gjaldfrjálsan aðgang að strætó frá og með 1. janúar 2027.
- Efla Hreiðrið – miðstöð ungs fólks enn frekar á kjörtímabilinu.



Öflugt atvinnulíf og nýsköpun

Forsenda fyrir uppbyggingu og auknum lífsgæðum í Hafnarfirði er blómlegt atvinnulíf. Við ætlum að laða til bæjarins öflug fyrirtæki og skapa starfsumhverfi sem tryggir fjölbreytt störf og starfsemi í bænum. Með stuttum boðleiðum og skilvirkri stjórnsýslu verður Hafnarfjörður besti bær landsins til að reka fyrirtæki.

HELSTU VERKEFNI:

- Tryggjum lóðir og aðstöðu fyrir fjölbreyttari atvinnuuppbyggingu í Hafnarfirði.

- Markaðssetjum Hafnarfjörð sem eftirsóknarverðan kost fyrir fyrirtæki og atvinnulíf og sköpum framúrskarandi umhverfi fyrir nýsköpun og verðmætasköpun.

- Tökum vel á móti fyrirtækjum og frumkvöðlum í Hafnarfirði.

- Markaðssetjum Hafnarfjörð sem áhugaverðan áfangastað fyrir ferðamenn og skemmtilegan og lifandi bæ.

- Marka nýja atvinnustefnu með áherslu á framúrskarandi skilyrði fyrir ný og gömul fyrirtæki til að vaxa og dafna í Hafnarfirði.

- Höldum álögum og gjöldum á fyrirtæki í lágmarki.



Velferð og lífsgæði

Við leggjum áherslu á öfluga og einstaklingsmiðaða velferðarþjónustu, þar sem lögð er áhersla á virðingu fyrir sjálfsákvörðunarréttinum til að auka lífsgæði og öryggi allra Hafnfirðinga. Unnið verður að fjölbreyttum búsetuúrræðum, betra aðgengi að þjónustu og aukinni þátttöku allra í samfélaginu.

HELSTU VERKEFNI:

- Hefja uppbyggingu lífsgæðakjarna fyrir eldra fólk við Sólvang og ljúka við uppbyggingu hjúkrunarheimila í Hamranesi, Hrafnistu og í Vatnshlíð.
- Tryggja samfellda þjónustu og betri yfirsýn í velferðarmálum.
- Efla enn frekar félags- og tómstundastarf eldri íbúa í bænum í samstarfi við hagaðila.
- Lokið verður við samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar.
- Þróa áfram atvinnu- og virknetækifæri fyrir fatlað fólk með skerta starfsgetu í samstarfi við stofnanir Hafnarfjarðarbæjar og fyrirtæki á almennum vinnu- markaði.
- Tryggja að byggt verði íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk samkvæmt uppbyggingaráætlun bæjarins til ársins 2038.
- Byggð verður ný heilsugæslustöð á Völlunum með samningi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
- Innleiða velferðartækni í þjónustu með það að markmiði að auðvelda fólki að búa á eigin heimili við betri lífsgæði, þrátt fyrir öldrun, fötlun eða veikindi.
- Efla áfram vinnu- og virkniúrræði fyrir fólk á aldrinum 16-24 ára.
- Áhersla verður lögð á ábyrga og skýra stefnu í málefnum hælisleitenda með hagsmuni bæjarbúa og hlutaðeigandi og getu sveitarfélagsins að leiðarljósi.
- Félagslegum íbúðum í eigu Hafnarfjarðarbæjar verður fjölgað.



Skipulags- og húsnæðismál

Við viljum byggja bæ sem heldur í sín sérkenni, virkar vel og eldist með sóma. Áhersla verður lögð á fjölbreytt húsnæði fyrir fólk á öllum æviskeiðum, öflugt atvinnulíf og skilvirka stjórnsýslu. Að framkvæmdir og skipulag byggja á fagmennsku, heildarsýn og miði að auknum lífsgæðum þannig að Hafnarfjörður verði áfram besti bærinn til að búa og starfa í.

HELSTU VERKEFNI:

- Skipulagðar verði lóðir fyrir sérbýli, fjölbýli og atvinnustarfsemi með skýra framtíðarsýn að leiðarljósi.

- Skipuleggja ný hverfi með fjölbreyttu húsnæði sem hentar fyrir ólík æviskeið og ólíka hópa, m.a. með íbúðum sem falla undir hlutdeildarlánakerfið.

- Skipulags- og leyfisveitingaferli verða einfölduð og afgreiðslutími stytur.

- Teknar verði upp viðræður við nágrannasveitarfélögin um endurskoðun vaxtamarka höfuðborgarsvæðisins með framtíðarmöguleika Hafnarfjarðar að leiðarljósi.

- Hefja undirbúningsvinnu við nýja höfn í Straumsvík.

- Lausn verður fundin á skipulagi umferðar að Suðurhöfn.



Samgöngur og umhverfið

Unnið verður að auknu öryggi og sterkari tengingum innan bæjarins fyrir fjölbreyttar og skilvirkar samgöngur. Við leggjum áherslu á grænni, hreinni og fjölskylduvænni bæ með fleiri trjám, áhugaverðum útivistarsvæðum og góðu aðgengi að leik- og samverusvæðum. Jafnframt verður miðbærinn efldur og umhverfi Hafnarfjarðar gert enn meira aðlaðandi fyrir íbúa og gesti bæjarins.

HELSTU VERKEFNI:

- Vinna að úrbótum á Flóttamannavegi sem tryggja öryggi og aukið flæði umferðar og hefja samtali við nágrennasveitarfélögin um ofanbyggðarveg.

- Fara fram á endurskoðun samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins m.t.t. fjármögnunar og tímasetninga verkefna innan Hafnarfjarðar með það að markmiði að ná fram mikilvægum úrbótum í samgöngum í Hafnarfirði.

- Skoða samnýtingu skóla-, frístunda- og almenningsgangna í Hafnarfirði með það að leiðarljósi að efla aðgengi barna og fullorðinna að almenningsgangum innan bæjarins.

- Setja aukinn kraft í uppbyggingu útivistarsvæða og fjölga hjóla- og göngustígum.

- Klára endanlegan frágang nýrra hverfa.

- Vinna að uppbyggingu ferðapjónustu í sátt við náttúruna í bæjarlandinu.



Íþróttir- og tómstundir, menning og listir

Við leggjum áherslu á öflugt íþróttá-, menningar- og tómstundastarf með áframhaldandi uppbyggingu aðstöðu fyrir íbúa á öllum aldri. Unnið verður að því að efla mannlíf, menningu og afþreyingu í bænum, styrkja samstarf félaga og bæta aðgengi að fjölbreyttri íþróttá- og tómstundaiðkun.

HELSTU VERKEFNI:

- Frístundastyrkur verður hækkaður í 75 þús. kr. frá og með 1. janúar 2027.
- Forgangsráða uppbyggingu íþróttá- og tómstundamiðstöðvar í Hamranesi og stuðla þannig að fjölbreyttu íþróttá- og tómstundastarfi á svæðinu.
- Halda áfram að auka þjónustu og lífsgæði bæjarbúa með lengingu opnunartíma sundlauga.
- Hefja vinnu við stækkun útisvæðis Ásvallalaugar.
- Skipuleggja nýjan golfvöll við Snókalönd norðan Bláfjallavegar.
- Greina möguleika á að gera íþróttahúsið á Strandgötu að menningarhúsi í samráði við hagaðila.
- Bæta aðstöðuna við Sundhöll Hafnarfjarðar.



FORMAÐUR BÆJARRÁÐS: Orri Björnsson

FORSETI BÆJARSTJÓRNAR: Karólína Helga Símonardóttir (Viðreisn og Samfylking skipta með sér embætti forseta bæjarstjórnar á kjörtímabilinu).

BÆJARSTJÓRI RÁÐINN AF MEIRIHLUTANUM: Þórður Þórarinnsson


F.H. SJÁLFTÆÐISFLOKKS



ORRI BJÖRNSSON


KRISTÍN MARÍA THORODDSEN



VIKTOR PÉTUR FINNSSON


F.H. VIÐREISNAR


KARÓLÍNA HELGA SÍMONARDÓTTIR


ÁRNI STEFÁN GUÐJÓNSSON

F.H. SAMFYLKINGAR


HILDUR RÓS GUÐBJARGARDÓTTIR


ÁRNI RÚNAR ÞORVALDSSON